

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Maríu Kristínar Stephensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen.

Hjónin Stephán Stephensen og Anna Sigríður Stephensen, fædd Melsted, ákváðu með arfleiðsluskrá, gerðri 30. júní 1915, að verja mestum hluta eftirlátinna eigna sinna til stofnunar sjóðs er bærni nafnið „Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen“. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 21. desember 1928. Samkvæmt henni skyldi verja 2/3 hluta eignanna til stofnunar átta sjóða en 1/3 hluti skyldi mynda höfuðstól Minningarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrárinnar sem staðfest var 21. desember 1928 og tekur til þess hluta upphaflegu skipulagsskrárinnar sem varðar 1/3 hluta Minningarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Akureyri.

3. gr.

Eignir sjóðsins voru hinn 1. janúar 2002 kr. 3.677.084,09.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af stofnfé, árleg framlög og aðrar tekjur.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur útskrifaðar úr framhaldsskólum á Akureyri til háskólanáms á sviði raunvísinda eða lista.

6. gr.

Árlega má verja allt að 9/10 hluta af tekjum/vöxtum sjóðsins í samræmi við tilgang hans. Tekjur, sem þá standa eftir að frádregnum kostnaði við rekstur sjóðsins, skulu lagðar við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, einn skipaður af menntamálaráðherra, einn af bæjarstjórn Akureyrar og einn af rektor Háskólans á Akureyri.

8. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr honum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi vörslu fjármuna hans og ber að ávaxta þá á sem tryggilegastan hátt.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Gera má breytingar á skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Skipulagsskránni verður þó ekki breytt nema með samþykki allra stjórnarmanna og staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

12. gr.

Telji stjórn sjóðsins að hann geti ekki á einhverjum tíma gegnt hlutverki sínu getur hún ákveðið að leggja hann niður, enda sé hún einhuga um það og dómsmálaráðherra heimili.

Eignum sjóðsins skal þá verja til málefnis sem stjórnin telur best falla að hlutverki hans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 21. desember 1928, nr. 81 í B-deild Stjórnartíðinda 1928.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.